



Reglur Vesturbyggðar um leyfisveitingu til daggæslu barna á Barðaströnd

1. gr.

Velferðarráð veitir leyfi til dagvistunar í heimahúsi í samræmi við reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005.

2. gr.

Umsækjandi skal hafa náð 20 ára aldri, hafa reynslu og/eða menntun á sviði uppeldismála. Æskilegt er að viðkomandi hafi sótt slysavarnarnámskeið.

3. gr.

Með umsókn skal fylgja sakavottorð umsækjenda.

4. gr.

Umsækjandi skal gefa leyfi sitt til þess að umsögn barnaverndarnefndar verði aflað. Umsögnin skal staðfesta að nefndin geri ekki athugasemdir við að umsækjandi hafi börn í sinni umsjá.

5. gr.

Vesturbyggð leggur dagforeldri til húsnæði sem er hluti af Birkimelsskóla, þeim að kostnaðarlausu ásamt eldhúsaðstöðu í Birkimel og auk þess húsgögn og annað sem til er og getur nýst dagforeldri í starfi sínu. Vesturbyggð styður verðandi dagforeldra til að fara á námskeið skv. VII. kafla reglugerðar nr. 907/2005.

Dagforeldri sem hefur fengið leyfi til að starfa á Barðaströnd getur sótt um stuðningsstyrk til Vesturbyggðar ef fjöldi barna og samanlagðar tekjur standa ekki undir lágmarkslaunum dagforeldis skv. viðmiðunarfrjáæð í flokki E(4) sbr. reglur ríkisskattstjóra um reiknað endurgjald fyrir ár hvert. Með umsókn skal fylgja upplýsingar um aðrar tekjur viðkomandi dagforeldis ásamt gjaldskrá dagforeldris. Dagforeldri þarf að hafa að minnsta kosti tvö börn fyrir utan eigið barn, til að geta fengið úthlutað stuðningsstyrk. Sé gjaldskrá dagforeldris verulegra lægri en almennt er í öðrum sveitarfélögum er heimilt að synja dagforeldri um stuðningstyrk skv. þessari málsgrein.

6. gr.


Ef börn sem eru hjá dagforeldrum samkvæmt reglum þessum og þurfa sérfræðipjónustu skal skoða hvert tilfelli fyrir sig.

7. gr.

Verði foreldrar/forráðamenn varir við að eitthvað sé athugavert við umönnun barns í umsjá dagforeldris ber að ræða það við dagforeldri. Verði ekki breyting á skal foreldri snúa sér til Fjölskyldusviðs Vesturbyggðar. Bent er á tilkynningarskyldu almennings skv. Barnaverndarlögum nr. 80/2002 fá foreldri upplýsingar um að eitthvað sé mikið að varðandi aðbúnað og sinningu barna í gæslu dagforeldris.

8. gr.

Verði dagforeldrar og/ eða foreldrar uppvísir að rangfærslum við tímaskráningar barna vegna niðurgreiðslu á daggæslugjöldum verður dagforeldri svipt leyfi til daggæslu með mánaðar fyrirvara og niðurgreiðslur til viðkomandi foreldra falla niður



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

9. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæði reglna Vesturbyggðar um daggæslu barna í heimahúsum varðandi leyfisveitingu, eftirlit og leyfissviptingar og reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005.

Samþykkt á 913. fundi bæjarráðs Vesturbyggðar, 26. janúar 2021.

Patreksfirði, 28. janúar 2021

Rebekka Hilmarsdóttir
Rebekka Hilmarsdóttir, bæjarsjóri